



Reykjavík, 11. mars 2026

MSS25030124

om

**Tillaga forsætisnefndar um tillögur til að bregðast við þegar brot á trúnaði á sér stað**

Á fundi forsætisnefndar 30. janúar sl. var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga forsætisnefndar:

*Skrifstofu borgarstjórnar er falið að leggja fram tillögur til að bregðast við þegar brot á trúnaði á sér stað.*

Samþykktin hefur verið til skoðunar hjá skrifstofu borgarstjórnar og þykir ljóst að unnt er að grípa til ráðstafana varðandi uppfærslu á fundagagnakerfi sem tryggir frekar öryggi trúnaðarmerktra fundagagna t.d. með takmörkun á því hvaða gögnum er hægt að hala niður og/eða afrita. Það er því óskað eftir því að forsætisnefnd samþykki að beina því til stafræns ráðs að hefja vinnu við uppfærslu kerfisins með það að takmarki að auka gagnaöryggi.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofa borgarstjórnar*



**Reykjavík**